

Benjamín dúfa
Kennsluverkefni

Markmið: Að nemendur þroski með sér siðferðis- og tilfinningaþroska með því að læra um vináttu, lífið og dauðann.

Aldur: Miðstígg

Áhersla í námskrá: Leiklist, lífsleikni, bókmenntir

Gögn: Glæra af dreng, garnhnykill, blöð og skriffæri

Kennsluleiðir: Kyrrmyndir, spuni, skrifað í hlutverki, umræður, samviskugöng, paravinna, innri raddir, fundur, kennari í hlutverki, mynd í mynd, þátttökuleikhús, örlagavefur.

Kveikja: Kennari biður nemendur um að velja sér sína uppáhalds persónu úr sögunni og lýsa henni með einu eða tveimur orðum fyrir hinum.

- **Kyrrmyndir:** Búið til lýsandi kyrrmyndir af öllum persónunum í hverfinu. (Benjamín, Andrésí, Balda, Helga, Bergi, Róland, Guðlaugi, Bólu–Hjálmari). Veljið eina persónu hver og stillið persónunum saman eins og um eina mynd væri að ræða. Vinnið 5 saman í hóp. Kennari gengur á milli og spyr:
 - Hver ert þú?
 - Hvað ert þú að gera?
 - Af hverju?
 - Hvernig líður þér?

Spuni: Nemendur skipta sér í hópa; 4 – 6 í hverjum hópi.

- Hópur eitt: 6 nemendur búa til senu um það þegar Róland er bundinn af Helga of strákarnir horfa á og aðhafast ekkert.
- Hópur tvö: Strákarnir 4 eru niður á bryggju og Baldi spýtir upp í fiskinn svo að hann kjafti ekki frá.
- Hópur þrjú: 6 til 8 nemendur búa til senu þegar Guðlaug gamla kemur að kettinum sínum dauðum. Hvernig bregst Guðlaug gamla við og fólkið í kringum hana; foreldrar líka.



- Hópur fjögur: Allir búa til senu um jarðaför Bólu-Hjálmars. Hverjir taka þátt? Eru Helgi og Bergur líka í jarðaförinni? Af hverju/af hverju ekki? Hvar eru þeir?

Umræður:

Kennari biður nemendur að sitja í hring og hafa mínútu þögn. Af hverju er maður sorgmæddur þegar einhver deyr? Kennari talar um dauðann; hvernig er að missa einhvern? Kennari fær nemendur til að tjá tilfinningar sínar og upplifun sína af dauðanum ef einhver er.

Kennari í hlutverki:

Hann segir: „Ég hef ákveðið að þið þurfið að koma með gott skipulag um það hvernig við getum náð fram hefndum fyrir Bólu-Hjálmar. Það má ekki meiða, særa eða leggjast eins og lágt og Helgi gerði. Hvernig náum við að hefna en höfum lífsgildi Guðlaugar að leiðarljósi? Skiptið ykkur í 4 hópa, þið fáið 10 mínútur“.

Spuni: (Nemendur í sömu hópum)

Leikið svarið.

Skrifað í hlutverki:

Nemendur (sem Helgi) skrifa bréf til krakkanna í hverfinu. Upplestur.

Mynd á mynd:

Hver er þessi strákur? Af hverju er hann einn? Á hann enga vini? Hvað segir mamma hans um hann? En kennarinn hans? Beggi kúkur, sálfræðingurinn hans og Guðlaug gamla?

Sögumaður:

Helgi á líka sínar góðu hliðar. Hann bjargaði Guðlaugu gömlu út úr brennandi húsi. Hann er orðin hetja. En hvað verður um Guðlaugu gömlu? Hvert á hún að fara þegar hún kemur af sjúkrahúsinu?

Fundur: Börnin í hverfinu halda fund. Hvernig er hægt að hjálpa Guðlaugu gömlu? Hvað er til ráða?

Spuni:

Nemendur vinna í 2, 4 og 6 manna hópum.

- Guðlaug er flutt í nýja húsið. Helgi kemur til hennar. Hvernig hljóðar samtalið?
- Andrés og pabbi hans. Hvernig er samband þeirra?
- Andrés, Róland, Baldi og Benjamín stofna leynifélag.
- Vinirnir í stríði á móti Þór og félögum.

Sögumaður:

Les bls. 117-118(að greinarskilum) 125-126 (greinarskilum)og 128 -129.

Skrifað í hlutverki:

Skrifið minningargrein um Balda, sem vinir hans. (Lesið)

Kyrrmynd/Innri raddir:

Nemendur eru beðnir að búa til kyrrmyndir, hver fyrir sig, sem eru settar upp og sýndar í röð. Nemendur láta innri raddir hljóma þegar röðin er komin að þeim.

- Baldi, eins og mamma hans hefði viljað að hans hefði verið minnst.
- Baldi, eins og kennari hans í 2. bekk hefði minnst hans.
- Baldi, eins og sögumaður hefði minnst hans.
- Baldi, eins og félagar hans minnst hans.

Umræður:

Kennari og nemendur ræða um kyrrmyndirnar. Er hægt að gera svona myndir um ykkur? Hvernig ?

Þáttökuleikhús:

Nemendur eru beðnir um að æfa nýjan endi á söguna. Hvernig getur hún endað öðruvísi? Þegar nemendur spinna nýjan endi geta aðrir nemendur sem horfa á stöðvað ferlið og beðið leikendurna um að gera eitthvað annað eða gengið sjálfir inn í atburðarásina og haft þannig áhrif á útkomuna. Leikendur geta líka beðið um hjálp eða beðið einhvern um að skipta við sig.

**Örlagavefur:**

Allir standa í hring. Sagan rifjuð upp. Kennari byrjar á því að henda hnykli yfir hringinn og segir um leið eina setningu sem tengist vináttu. Hver og einn nemandi gerir slíkt hið sama um leið og hann hendir hnyklinum til næsta manns. Nemendur verða að gæta þess að halda vel í spottann. Þegar hnykillinn hefur farið hringinn er vefurinn lagður á gólfíð og líkist þá fallegum kóngulóarvef. Nemendur geta síðan skrifað á litla miða vangaveltur sínar um vináttu og sett miðana inn í hólfín á vefnum. Í lokin ganga allir á milli og skoða og ræða það sem stendur á miðunum. Umræður um söguna.